

Tillaga til 467. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 17. desember 2020

Tillaga frá 1133. fundi bæjarráðs, sem fram fór þann 7. desember 2020, um að bæjarstjórn veiti bæjarstjóra umboð til að samþykkja eða hafna fyrir hönd hennar vinnutímasamkomulag hverrar stofnunar fyrir sig.

2. Stytting vinnuviku - 2020090005

Lagt fram til kynningar minnisblað Stefaníu Ásmundsdóttur, sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs, Baldurs Inga Jónassonar, mannauðsstjóra, og Guðrúnar Birgisdóttur, skóla- og sérkennslufulltrúa Ísafjarðarbæjar, dags. 3. desember 2020, vegna vinnustyttingar leikskólastarfsmanna.

Jafnframt lagt fram minnisblað Baldurs Inga Jónassonar, mannauðsstjóra, dags. 26. nóvember 2020, vegna styttingar vinnuviku dagvinnufólks hjá Ísafjarðarbæ, auk yfirlits vinnutímasamkomulaga, en lagt er til að bæjarstjórn veiti bæjarstjóra umboð til að samþykkja eða hafna fyrir hönd hennar, vinnutímasamkomulag hverrar stofnunar fyrir sig.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að veita bæjarstjóra umboð til að samþykkja eða hafna fyrir hönd hennar, vinnutímasamkomulag hverrar stofnunar fyrir sig.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að kanna útfærslu annarra sveitarfélaga á vinnutímastyttingu leikskóla sem leiðir ekki til kostnaðarauka eða lægra þjónustustigs.